

## Hvernig framkvæmt?

**Kynningarefni** verður sent félagsmönnum í tölvupósti og það birt á heimasíðum félaganna. Á Facebook síðum félaganna verður hægt að bera fram spurningar vegna sameiningarinnar. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið: [tilkynningar@verктаekni.is](mailto:tilkynningar@verктаekni.is)

Þeir sem ekki hafa skráð netföng hjá félögunum fá gögn send í bréfaþósti.

**Almennur kynningarfundur** fyrir félagsmenn VFÍ verður haldinn í Verkfræðingahúsi **miðvikudaginn 26. október kl. 17**. Þar verða kynnt áform um sameiningu félaganna, tímaáætlun, drög að stofnsamningi og drög að lögum félagsins. Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur félagsins mætir á fundinn og svarar spurningum félagsmanna ásamt stjórn VFÍ.

**Atkvæðagreiðsla** fer fram meðal félagsmanna VFÍ og TFÍ dagana 5. – 11. nóvember 2017. Atkvæðagreiðslan verður rafræn og framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Kjörgögn verða send í bréfaþósti til þeirra félagsmanna sem ekki hafa skráð netfang.

Ef nægur meirihluti í báðum félögum er samþykktur sameiningu verður **stofnfundur sameinaðs félags** fimmtudaginn 1. desember 2016. Þar verða ný lög félagsins samþykkt og kosin stjórn. Stjórnin tekur við undirbúningi sameinaðs félags og tekur formlega til starfa um leið og félagið eða hinn 1. janúar 2017.

**Sameinað félag** tekur til starfa 1. janúar 2017. Samþykkt lög VFÍ taka gildi og stjórn sem kosin var á stofnfundi tekur við.

**Fyrsti reglulegi aðalfundur** félagsins verður haldinn í apríl 2017. Fráfarandi stjórnir VFÍ og TFÍ ganga frá uppgjöri og gera skil til aðalfunda sem halda skal í mars/apríl 2017.